

## Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Aðalheiður og Inga Huld

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar - júní	<p><i>Að nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sýni vönduð vinnubrögð.</li> <li>Dragi rétt til stafs.</li> <li>Hafi bil milli orða.</li> <li>Þekki hugtakið málsgrein</li> <li>Vinni með og þjálfist í uppbyggingu ritunar texta. Fái tækifæri til að rita texta sem hefur upphaf, meginmál og endi.</li> <li>Geti skrifað texta frá eigin brjósti.</li> <li>Noti punkt í lok málsgreina.</li> <li>Geri greinamun á litlum og stórum staf</li> <li>Láti stafi sitja rétt á línu.</li> </ul>	<p><b>Ritun og skrift</b></p> <p><i>Námsbækur:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skrift 1-9 frá Námsgagnastofnun</li> <li>Sögubók</li> <li>Ritunarrámmar</li> </ul>	<p>Áhersla er lögð á að draga rétt til stafs, halda rétt á skriffæri og vanda vinnubrögð.</p> <p>Nemendur fá þjálfun í ritun ólíkra ritstíla og skapandi sögugerð.</p> <p>Nemendur vinna í litlum námshópum, annars vegar á sjálfstæðum verkefnastöðvum og hins vegar í kennarastýrðum verkefnum. Málfræði, stafsetning og skrift fléttast inn í öll verkefni.</p>	<p>Símat þar sem fylgst er með vinnusemi og framförum nemenda. Skriftarkönnun. Mat á ritunarverkefnum.</p>
Janúar – júní	<p><i>Að nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Auki lestrarhraða sinn og lesfimi.</li> <li>Auki lesskilning</li> <li>Sé með áheyrilegan lestur</li> </ul>	<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p> <p><i>Námsbækur:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Lestarbækur við hæfi hvers og eins</li> </ul>	<p>Nemendur lesa á hverjum degi, bæði í skólanum og heima. Yndislestur þar sem nemendur velja sér</p>	<p>Atkvæðapróf Lesskilningspróf</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efli orðaforða og orðaskilning.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lesrún –lesa-skilja-læra</li> <li>Valdar sögur</li> <li>Ýmis þjálfunarforrit</li> </ul>	<p>bækur eftir áhuga og lesa í hljóði í 15-20 mín.</p> <p>Nemendur fara reglulega á bókasafn og geta valið sér bók til að lesa heima og í skóla.</p> <p>vinna nemendur ýmis Byrjendalæsisverkefni, lesinn er gæðatexti og ýmis lestrartengd verkefni unnin út frá honum.</p> <p>Heimalestur: Nemendur lesa heima a.m.k. 5 x í viku í 10-15 mínútur. Unnið er með orðabók, þar sem nemendur skrifa niður orð úr lestrarbókinni.</p> <p>Foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir heimalesturinn á þar til gerð blöð.</p>	<p>Sjálfsmat á einbeitingu eftir hvern yndislestrartíma.</p>
Janúar - júní	<p><i>Að nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>læri einfalda málfræði og geti unnið með nafnorð, sagnorð og lýsingarorð</li> <li>þekki hugtakið málsgrein.</li> <li>Geti raðað orðum í stafrófsröð eftir fyrsta bókstaf</li> <li>Geti fundið andheiti orða</li> </ul>	<p><b>Málfræði</b> <i>Námsbækur:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ritrún 2 og 3</li> <li>Tvistur</li> <li>Þristur</li> <li>Verkefni frá kennara</li> <li>Ýmis þjálfunarforrit</li> </ul>	<p>Lögð er áhersla á fjölbreytta verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu.</p>	<p>Símat þar sem fylgst er með vinnusemi og framförum nemenda. Stöðupróf til þess að meta framfarir.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Geti fundið samheiti orða</li> <li>• Þekki mun á sérhljóða og samhljóða</li> <li>• Geti fundið sérnöfn og samnöfn</li> </ul>			
Janúar - júní	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geti talað fyrir framan hóp</li> <li>• geti endursagt frásagnir og sögur</li> <li>• geti sagt frá eftirminnilegum atburðum</li> <li>• Geti haldið athygli áheyrenda m.a. með leikrænni tjáningu</li> <li>• geti gagnrýnt á uppbyggilegan hátt</li> <li>• geti fylgt fyrirmælum og farið eftir leiðbeiningum</li> <li>• geti talað hátt og skýrt</li> <li>• geti horft fram þegar talað er</li> <li>• Hafi hljóð þegar hlustað er á aðra</li> <li>• Horfi á þann sem hlustað er á</li> <li>• Hugsi um það sem flytjandi segir frá</li> <li>• Taki þátt þegar við á</li> <li>• tekið þátt í samræðum</li> <li>• sýnt viðeigandi kurteisi</li> </ul>	<b>Talað mál og hlustun</b>	<p>Nemendur læra reglur sem gilda þegar margir vilja tjá sig í einu. Þeir eru hvattir til að tala skýrt og hlusta þegar aðrir eru að tjá sig. Nemendur hlusta á sögur og ljóð sem kennari les. Merking einstakra orða rædd og útskýrð.</p> <p>Nemendur eru þjálfaðir í að koma fram fyrir samnemendur sína. Þeir lesa upp sögur sem þeir hafa samið og einnig með því að segja brandara og gátur. Þjálfun í forspá Mikil áhersla lögð á góð og vönduð vinnubrögð.</p>	<p>Símat þar sem fylgst er með vinnusemi og framförum nemenda. Jafningjamat Sjálfsmat</p>

## Námsáætlun – Vor 2015

### 3. bekkur

Námshættir: Stærðfræði

Kennarar: Inga Huld og Aðalheiður

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar - júní	<p><i>Nemendur eiga að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Geta lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 1000.</li><li>• Geta skipt þriggja stafa tölu upp eftir sætum í hundruð, tugi og einingar.</li><li>• Geta skilið einföld almenn brot sem hluta af heild.</li><li>• Geta talið afturábak og áfram með því að „hoppa“ á hverri tölu, annarri hverri osfrv.</li><li>• Getar leyst samlagningar - og frádráttardæmi með þriggja stafa tölum á mismunandi vegu.</li><li>• Kunna marföldunartöfluna og nota hana í einföldum margföldunar- og deilingardæmum.</li><li>• Skilja jöfnumerkið sem tákni fyrir að tvær stæður séu jafn stórar.</li><li>• Geta lýst og haldið áfram með talnarunur / -mynstur sem ýmist fara stækkandi eða minnkandi.</li></ul>	<p><b>Tölur og algebra</b></p> <p><i>Námsefni fyrir alla efnisþættina:</i></p> <p>Sproti 3b, Undirdjúpin, margföldun, Undirdjúpin deiling, ýmiskonar stærðfræðiverkefni af interneti. Vasareiknir og ýmis aukaverkefni.</p>	<p>Unnið verður með margvísleg verkefni í stöðvavinnu, annars vegar á sjálfstæðum verkefnastöðvum og hins vegar í kennarastýrðum verkefnum ásamt því að vinna í verkefnabókum. Leitast er við að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur. Mikil áhersla er lögð á verklega vinnu. Notast er við það námsefni sem talið er henta hverju sinni.</p>	<p>Símat þar sem fylgst er með vinnusemi og framförum nemenda. Kannanir lagðar fyrir reglulega.</p>

Janúar - júní	<p><i>Nemendur eiga að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geta flokkað algengustu tví – og þrívíð form með hliðsjón af rúmfræðilegum eiginleikum eða einkennum þeirra.</li> <li>• Þekkja rétt horn, hvöss horn og gleið horn.</li> <li>• Þekkja og geta notað speglun og samhverfu.</li> <li>• Geta borið kennsl á, búið til, lýst og haldið áfram með einföld rúmfræðimynstur.</li> <li>• Geta lýst staðsetningu punkts í rúðuneti með tilvísun í staðsetningu annars punkts.</li> </ul>	<b>Rúmfræði</b>		
Janúar - júní	<p><i>Nemendur eiga að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geta áætlað, mælt og borið saman lengdir, þyngd, flatarmál og rúmmál.</li> <li>• Kunna á klukku og geta skráð tímasetningar. Kunna að reikna út tímann á milli einfaldra tímasetninga. Þekkja og geta notað íslenskar myntir og seðla upp í 1000 kr.</li> </ul>	<b>Mælingar</b>		
Janúar - júní	<p><i>Nemendur eiga að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geta safnað saman og flokkað einföld gögn í viðeigandi flokka. Geta sett upplýsingar fram í töflu og lesið úr töflum og einföldum súluritum.</li> </ul>	<b>Tölfræði og líkindi</b>		

## Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Samfélags- og náttúrufræði / Upplýsingamennt og kristinfræði

Kennarar: Inga Huld og Aðalheiður

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar - júní	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• stuðli að því að skólinn viðhaldi Grænfánanum</li> <li>• kynnist þjóðarblómi Íslendinga og þekki</li> <li>• sérkenni þess</li> <li>• læri að lesa landakort, vita hvernig þau snúa og þekkja helstu tákni þeirra og liti</li> <li>• þekki örnefni og kennileiti í heimabyggð</li> <li>• þekki heiti gömlu mánaðanna og viti hvaða mánuðum þeir tilheyra nú</li> <li>• -þekki til gamalgróinna atvinnuvega landsmanna</li> </ul>	<p><b>Samfélags – og náttúrufræði</b></p> <p><i>Námsefni:</i> Kostuleg kort og gröf, Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti, Komdu og skoðaðu himingeimin, Þjóðarblómið Holtasóley og stök verkefni sem tengjast námsefninu ásamt ítarefni s.s. myndbönd, forrit og veraldarvefurinn.</p>	<p>Hópa-, þema og einstaklingsvinna. Grenndarkennsla. Verkefnið um himingeimin verður unnið í hópavinnu með 4. Bekk.</p>	<p>Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Einstaklings – og jafningjamat. Námsmat sett fram í almennum þáttum.</p>

	<ul style="list-style-type: none"><li>• þekki leiki barna áður fyrir</li><li>• kynnist því hvaða störf fólk vann á ákveðnum árstíma og hverjir unnu störfin</li><li>• -kynnist störfum sem börn unnu áður fyrir og bera þau saman við störf þeirra í dag</li><li>• þekki nokkrar íslenska þjóðsögur</li><li>• -geti nefnt dæmi um það sem er ólíkt í húsnæði, klæðaburði og mataræði nú og á öðrum tímum</li><li>• -þekki þekktu íslenska útilegumenn</li><li>• þekki að jörðin er hluti af stóru sólkerfi; reikistjörnum, sól og tunglum</li><li>• fá yfirsýn yfir hreyfingu sólar, jarðar og tungls um himingeiminn</li></ul>			
--	---	--	--	--

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þekki pláneturnar í sólkerfinu okkar</li> <li>• þekki að tunglið orsakar sjávarföll</li> </ul>			
mars - maí	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• temji sér samskiptareglur sem byggjast á kristilegum kærleika,</li> <li>• sáttfýsi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum. Þekki helstu hátíðisdaga kirkjuársins og hvers vegna við höldum þá hátíðlega. Viti hvað kristniboð er.</li> </ul>	<p><b>Kristinfræði</b>  <i>Námsefni:</i>  Stjarnan</p>	Hópa- og einstaklingsvinna	Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Námsmat sett fram í almennum þáttum.
Janúar - júní	<p><i>Að nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• læri grunnfærni í notkun ritvinnslu og internetsins  læri að nota bókasafn til að fá lánaðar bækur og leita heimilda</li> </ul>	<p><b>Upplýsinga- og tæknimennt</b></p>	Kennt í minni hópum í tölvuveri og á skólasafni.	Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Námsmat sett fram í almennum þáttum.



## Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Enska

Kennarar: Inga Huld og Aðalheiður

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar - júní	<p><i>Að nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Geti tekið þátt í einföldum samskiptum, t.d. kynnt sig og heilsað</li><li>• Geti tekið þátt í samskiptaleikjum</li><li>• Geti tekið þátt í einföldu samtali, t.d. spurt og svarað</li><li>• Geti tekið undir í söng og farið með þulur</li><li>• Geti lesið einfaldar setningar</li><li>• Skilji einföld orð og setningar í tengslum við viðfangsefni sem eru kunnugleg</li></ul>	<b>Enska</b>	<p>Bekkjarvinna þar sem allir nemendur taka þátt, innlögn frá kennara, paravinna, einstaklingsvinna og hópvinna.</p> <p>Hlustun og tal er þjálfað með því að notast við leik, söng, tal, rím og með því að lita og teikna eftir einföldum fyrirmælum.</p> <p>Byrjað er að vinna með ritun einfaldra orða eftir fyrirmynd.</p> <p>Unnið er með grunnorðaforða og ýmis verkefni til þjálfunar.</p>	<p>Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Námsmat sett fram í almennum þáttum.</p>

## Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Lífsleikni

Kennarar: Inga Huld Pálsdóttir og Aðalheiður Bragadóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Janúar - maí	Að efla samvinnu	Að kanna vald og samvinnu. Ýmsar æfingar sem þjálfar samvinnu og dýpka skilning. Bls. 65- 75 í bókinni um jákvæðan aga.	Einn tími á viku í hálfum hóp og alltaf kennt í bekkjarhring. Börnin taka virkan þátt og allir tjá sig. Einu sinni í viku eru bekkjarfundir þar sem hin ýmsu mál eru tekin fyrir. Þar eru einnig þessir félagslegu þættir æfðir eins og t.d. samvinna, samkennd, virðing, tillitssemi, tjáning, hrós og þakkir o.s.frv.	Símat og sjálfsmat
	Mistök og hvernig við leiðréttum þau. Að gera börnunum grein fyrir því að það er enginn fullkominn og það er í lagi að gera mistök. Það eru viðbrögðin við þeim sem skipta mestu máli.	Mistök: Að gera eða vera fyrir yngri nemendur. Mistök og viðbrögð við þeim. Lærum af mistökunum: VAL Fyrirgefðu:hvernig förum við að.		

		Hvernig biðjumst við fyrirgefningar þegar fyrirgefðu er ekki nóg. Bls. 79 – 87 í bók.		
	Að þjálfar nemendur í listinni að hvetja aðra, hrósa og þiggja hrós og hvatningu.	Æfingar sem þjálfar börnin í að hósa og hvetja á bls. 91 í bók.		
	Að kenna börnunum að virða fjölbreytileikann og þau átti sig á þeirri staðreynd að við erum öll ólík og sjáum heiminn út frá eigin sjónarhorni sem er ekki endilega það eina rétta. Kenna þeim að setja sig í spor annarra sem er grunnurinn að samkennd.	Öll dýrin í skóginum á bls. 95 (Gera verkefnið eins og talað er um á bls. 100) og þú ákveður á bls.104.		
	Að sannfæra nemendur um gildi bekkjarfunda er lykillinn að samvinnu.	Að kanna vald:sigur/sigur á bls. 107 og af hverju höldum við bekkjarfundi á bls. 109.		
	Förum í gegnum 8 vörður að árangursríkum bekkjarfundum. Sumt er upprifjun en annað er hluti af því að bæta við það sem nemendurnir hafa áður lært.	Hrós og þakkir 3 – Að hrósa, þiggja hrós eða sitja hjá á bls. 127.	Æft á bekkjarfundi	
	Samskiptafærni	Æfingar sem koma fram á bls. 139.	Æft á bekkjarfundi	

	<p>Kenna nemendum að leita lausna. Leiðbeinum nemendum að læra að mistökunum og lagfæra mistök með því að leita betri leiða, í stað þess að treysta á hefðbundnari aðferðir sem felast oft í sér að lát fólk gjalda þess sem það gerði eða upplifa skömm og sársauka fyrir mistök sín.</p>	<p>Rifjum upp og gerum æfingar á bls. 143 – 155</p>	<p>Æft ýmist á bekkjarfundi eða í minni hópum.</p>	
	<p>Hugstormun og hlutverkaleikur eru tvö verkfæri sem þjálfar nemendur í að dýpka skilning sinni á öðrum og auka hæfni þeirra til þrautalausna.</p>	<p>Æfingar á bls. 159 – 165 Hugstormun Hlutverkaleikur Nemendur og forfallakennarinn</p>	<p>Unnið ýmist á bekkjarfundum eða minni hópum.</p>	
	<p>Bekkjjarfundir og mál á dagskrá. Höldum áfram að þróa og bæta þennan þátt og dýpka skilning.</p>	<p>Gerum valdar æfingar á bls. 165 – 183. Sumt er upprifjun og annað til að dýpka skilning og bæta við fyrri þekkingu.</p>	<p>Æft á bekkjarfundum</p>	

## Námsáætlun – Vor 2015

Námsgrein: Heimilisfræði 3. bekkur

Kennari: Þóra Jóhannsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
1 vika 2 tímar	Farið er yfir hreinlæti og þrif í eldhúsum. Að fara eftir einföldum uppskriftum og nota til þess einföld mæli-og eldhúsáhöld	Bakstur, frágangur og þrif. Vinna verkefni í vinnubók um hreinæti og reglur í eldhúsi	Innlögn, sýnikennsla, samvinna og hópastarf, einstaklingskennsla	Símat byggir á vinnusemi og virkni, að taka tilsögn og fara eftir fyrirmælum, umgengni, frágangi og samvinnu. Vinnubók metin.
2. vika 2 tímar	Læra um gildi góðs morgunverðar. Að æfa bakstursaðferðir og almennan frágang.	Gerbakstur á hollum brauðum, frágangur og þrif.	Innlögn, sýnikennsla, samvinna og hópastarf, einstaklingskennsla.	Símat
3. vika	Að læra um borðsiði og leggja á borð. Læra að nota eldavél, skera grænmeti.	Eldum einfaldan pastarétt.	Innlögn, sýnikennsla, samvinna, einstaklingskennsla.	Símat
4. vika 2 tímar	Að læra um mismunandi hollar og óhollar drykkjarvörur. Læra um gildi vatns fyrir líkamann.	Vinna verkefni í vinnubók um góðar matarvenjur. Búum til búst úr ávöxtum og berjum	Innlögn, einstaklingsvinna í vinnubók.	Símat
5. vika 2 tímar	Læra um sýkla og örverur og hvar þeir leynast . Vinna áfram með mælieiningar og vinnuaðferðir.	Vinna verkefni um örverur í vinnubók. Bakstur og bakstursaðferðir.	Innlögn, sýnikennsla, einstaklingsvinna, samvinna og hópastarf.	Símat

6. vika 2 tímar	Skoðum fæðuhringinn og tökum sérstaklega fyrir mjólkurflokkinn og umbúðamerkingar.	Vinna í vinnubók.	Innlögn, einstaklingsvinna.	Símat
7 vika 2 tímar	Að nemendur kynnist matargerð fyrri tíma og þjóðlegum íslenskum mat	Vinna í vinnubók um matargerð fyrri tíma.	Innlögn, einstaklingsvinna í vinnubók.	Símat
8. vika 2 tímar	Læra um flokkun á sorpi og um gildi umhverfisverndar. Áframhaldandi vinna við að mæla í deig, hnoða, móta og baka. Læra að ganga vel frá sínu vinnusvæði.	Vinna í vinnubók verkefni. Bakstur	Innlögn, sýnikennsla, samvinna og hópastarf. Vinna í vinnubók.	Símat
9.vika 2 tímar	Áframhaldandi vinna við verklegar æfingar svo sem að mæla með mælieiningum, meðferð áhalda og muna og frágang.	Bakstur	Innlögn, sýnikennsla, samvinna.	Símat
10. vika 2 tímar	Að fara eftir einföldum uppskriftum og nota til þess einföld mæli- og eldhúsahöld.	Bakstur: litlar pitsur	Innlögn, sýnikennsla, samvinna og hópastarf.	Símat Verkefnabók metin

## Námsáætlun – Vor 2015

### 3.bekkur

Námsgrein: íþróttir

Kennarar: Hrefna og Kári

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
5.janúar- 8.maí	Fjölbreytt hreyfinám Efla fín- og grófhreyfingar Þjálfra samhæfingu handa og fóta Auka þrek Efla færni í samskiptum	Hlaupa- og hreyfileikir, Knattspyrna, handknattleikur, blak, körfuknattleikur, blak, frjálsar íþróttir, fimleikar, bandý, fimleikar og badminton	Leikurinn er þungamiðja í kennslu á yngsta stigi	Stöðumat, greinandi mat og lokamat.
11.maí- 29.maí	Fjölbreytt hreyfinám Auka þrek og þol Efla færni í samskiptum Klæða sig eftir veðri og vindum	Útiþróttir	Frjálsíþróttavöllur á Þórssvæði, sparkvöllur, leiktæki og hjólabraut á skólalóð, hlaup um nánasta umhverfi skólans og leikvellir í hverfinu	Stöðumat, greinandi mat og lokamat.